



Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 30.11.2023 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Fossvogsbrú - breyting á deiliskipulagi - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 22. nóvember 2023 sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 22. nóvember 2023 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Fossvogsbrúar, ásamt fylgiskjöllum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að málinu verði frestað. Frestunartillagan er felld með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn tveimur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks. Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Fossvogsbrúar er samþykkt. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er mikilvægt fyrir framgang samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins að stór skipulags- og innviðaverkefni haldi takti. Hér er um að ræða brú sem verður mikilvægur tengipunktur milli Kársness og Vatnsmýrarsvæðisins og mun umbylta samgöngum á svæðinu, ekki síst fyrir háskólasvæðið, en í raun fyrir alla miðborgina. Hér er verið að afgreiða nauðsynlegar deiliskipulagsbreytingar til að undirbúa þá framkvæmd.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fyrirhuguð brú yfir Fossvog mun hafa takmarkaðan almennan tilgang fyrir Reykvíkinga en hins vegar er ljóst að hún verður skattgreiðendum dýr. Ekki eru rök fyrir því að forgangsraða með þessum hætti og ljóst að mörg önnur samgönguverkefni eru brýnni. Brúin mun hafa neikvæð áhrif á siglingastarfsemi í Fossvogi, sem er mikil og hefur farið vaxandi. Gagnrýni hefur komið fram á hönnun brúarinnar og ekki hefur fengist skýring á því af hverju horfið hefur verið frá því að hafa hana úr ryðfríu stáli, sem áður var talið nauðsynlegt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:



Fulltrúi Flokks fólksins óskaði eftir því að breytingu á deiliskipulagi Fossvogsbrúar yrði frestað um að minnsta kosti viku og var sú tillaga felld. Óskað var frestunar því ekki hefur gefist nægur tími fyrir þá sem fengu svör við ábendingum sínum að rýna svörin með sérfræðingum og fá um þau málefnalega umfjöllun. Ef athugasemdir eiga ekki að fá málefnalega umfjöllun er hér um algert sýndarsamráð að ræða. Hið nýja deiliskipulag við Fossvogsbrúna var auglýst í ágúst 2023 og opnað var þá fyrir athugasemdir. Þegar þarna var komið við sögu var hönnun brúarinnar langt komin. Eðlilegt hefði verið að fresta málinu og gefa þeim sem vilja rýna athugasemdir og svör meiri tíma. Hér er um galla í hönnun að ræða. Hönnun er kynnt þannig að sólin færi að skína á vesturhlið brúarinnar milli kl. 13:00 og 14:00. Þá myndast skuggar frá handriðum inn á brúna. Göngusvæði austan megin króast af og skerðist þá útsýnisupplifun þeirra sem yfir brúna ganga. Í stuttu máli kallar allt á að gönguleiðin verði vestanmegin brúarinnar og hjólaleiðin austanmegin. Svörin sem bárust voru þess utan hálfgerðir útúrsmúningar, s.s. að búið sé að ákveða þetta, eða „athugasemdin kemur of seint“. Ekki er tekið á aðalatriðum í svörum. Fossvogsbrúin er rándýrt mannvirki og það er miður að halda eigi áfram og byggja mannvirki af þessari stærðargráðu með galla sem þennan.

Helga Björk Laxdal
e.u.